

Skýrsla starfshóps um fjar- og dreifnám

Janúar 2007

Inngangur

Starfshópi um fjar- og dreifnám var falið samkvæmt erindisbréfi að kanna núverandi umfang og einkenni fjar- og dreifnáms í framhaldsskólum og efstu bekkjum grunnskóla og huga sérstaklega að því hvernig fjar- og dreifnám getur stuðlað að jöfnun aðstöðu til náms óháð búsetu, bæði í framhaldsskóla og á mörkum grunnskóla og framhaldsskóla. Hópnun var einnig falið að horfa til þess hvernig tryggja megi gæði í fjar- og dreifnámi og athuga sérstaklega vinnuumhverfi og starfsaðstæður kennara. Meginniðurstöður starfshópsins eru þær að til þess að bæta skipulag fjar- og dreifnáms og ýta undir áframhaldandi þróun þess séu tveir þættir mikilvægastir, að tryggja gæði í fjar- og dreifnámi og að jafna aðgengi að því. Til að ná þessum markmiðum er megin tillaga starfshópsins að stofnuð verði upplýsingaveita þar sem upplýsingum um fjar- og dreifnám á Islandi verður safnað saman og komið á framfæri við alla þá sem áhuga hafa á námi á þessu formi.

Í starfshópnum eru:

Guðbjörg Aðalbergsdóttir, formaður

Ingimar Árnason, tilnefndur af Félagi íslenskra framhaldsskóla

Ásta Ólafsdóttir, tilnefnda af Félagi grunnskólakennara

Hálf dán Örnólfsson, tilnefndur af Félagi framhaldsskólakennara

Helgi Arnarson, tilnefndur af Skólastjórafélagi Íslands

Sigrún Gunnarsdóttir, tilnefnd af Landssamtökunum Heimili og skóli

Kristín Hreinsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Starfsmaður hópsins er Jóna Pálsdóttir, menntamálaráðuneyti

Umfang og einkenni fjar- og dreifnáms

Til þess að skoða umfang og einkenni fjar- og dreifnáms hefur starfshópurinn tekið saman upplýsingar frá grunn- og framhaldsskólum sem bjóða upp á fjarnám (sjá fylgiskjal 1). Haft var samband við alla framhaldsskóla þannig að samantektin er nokkuð tæmandi, þó að mikil og hröð þróun sé í fjar- og dreifnámi og stöðugt fleiri skólar, sérstaklega framhaldsskólar, bjóði nú fjarnám eða dreifnám í einhverjum mæli. Varðandi umfjöllun um umfang fjar- og dreifnáms er að öðru leyti vísað til starfshóps um gerð tillagna um leiðir til að auka sveigjanleika og fjölbreytileika í skipulagi náms og námsframboðs, en sá starfshópur mun fjalla ítarlegar um það.

Jöfnun aðstöðu til náms óháð búsetu

Framboð á fjar- og dreifnámi hefur vaxið mjög á undanförunum árum, enda virðist eftirspurn eftir námi sem óháð er stað og stund aukast stöðugt. Meginmarkmið með fjar- og dreifnámi hefur frá upphafi verið að gefa þeim sem af einhverjum ástæðum geta ekki stundað framhaldsskólanám á hefðbundinn hátt tækifæri til að stunda nám, óháð búsetu. Hópurinn sem sækir fjar- og dreifnám er fjölbreyttur, þar er stór hópur af fullorðnu fólki á öllum aldri, framhaldsskólanemendur sem vilja flýta fyrir sér og taka staka áfanga í fjar- og dreifnámi og sístækkandi hópur grunnskólanemenda sem vill taka framhaldsskólaáfanga. Aukið framboð á fjar- og dreifnámi hefur á undanförunum árum veitt miklu fleirum tækifæri til náms en annars hefði verið og þannig stuðlað að jöfnun aðstöðu til náms, óháð

búsetu. Þó er ljóst að breytinga er þörf, sérstaklega hvað varðar grunnskólanemendur. Staðan í dag samkvæmt niðurstöðum úr könnunum menntamálaráðuneytisins¹ er þannig að mjög mismunandi er hversu aðgengilegt fjar- og dreifnám er fyrir grunnskólanemendur, bæði hvað varðar upplýsingagjöf um möguleika á fjar- og dreifnámi til þeirra og hvernig greiðslum fyrir námið er háttáð, hver greiðir og hversu mikið er greitt fyrir námið. Töluvert er um að grunnskólanemendur greiði sjálfir fyrir fjar- og dreifnám, þó reyndar sé algengara að grunnskólarnir/sveitarfélagið greiði fyrir grunnskólanemendur. Til að tryggja sveigjanleika á mörkum grunnskóla og framhaldsskóla er mikilvægt að öllum grunnskólanemendum standi til boða fjar- eða dreifnám í framhaldsskóla, án þess að þurfa að greiða fyrir það sérstaklega. Einnig er mikilvægt að jafna aðstöðu allra nemenda í fjar- og dreifnámi á framhaldsskólastigi með því að setja reglur um leyfilega gjaldtöku fyrir fjarnám.

Gæði í fjar- og dreifnámi

Starfshópurinn er sammála um að nauðsynlegt sé að tryggja gæði í fjar- og dreifnámi. Þó að öllum framhaldsskólum sé skylt að hafa virkt gæðakerfi, sjálfsmatskerfi, nær það sjaldnast til fjar- og dreifnáms. Mikilvægt er því að skólarnir útfæri sín gæðakerfi þannig að þau nái líka til fjar- og dreifnáms. Auk þess leggur starfshópurinn til að sett verði á fót upplýsingaveitu þar sem upplýsingum um fjar- og dreifnám er safnað saman og þær gerðar aðgengilegar. Nauðsynlegt er að upplýsingaveitan útbúi staðlað form fyrir upplýsingar um fjar- og dreifnám (lýsigögn) til þess að samræmdar upplýsingar verði skráðar um allt það nám sem auglýst er á upplýsingaveitunni. Þetta auðveldar notendum að bera saman þá áfanga eða nám sem í boði er og meta þar með bæði inntak og þjónustustig. Notendur upplýsingaveitunnar gætu með þessu móti nálgast ítarlegar upplýsingar um fjar- og dreifnám á einum stað, hvaða áfangar eða námsgreinar eru í boði og hvar, upplýsingar um kennara og allt námsskipulag, hvernig kennslunni er háttáð, hversu mikil samskipti eru á milli kennara og nemenda og á hvaða formi þau eru. Þar verður einnig að finna upplýsingar um réttindi og skyldur bæði kennara og nemenda og ýmis praktísk atriði, s.s. um skráningu og verð. Upplýsingaveitan gerir notendum þannig auðvelt að skoða hvað er í boði og leggja mat á hvað hentar þeim.

Upplýsingaveitan tryggir einnig samkeppni milli skóla sem bjóða upp á fjar- og dreifnám, vegna þess að notendur eiga auðveldara með að bera saman upplýsingar frá hverjum skóla. En hún gefur líka færi á aukinni samvinnu milli skóla, bæði grunnskóla og framhaldsskóla. Samvinnan gæti bæði birst í því að einn grunnskóli býður fjarnám í gegnum upplýsingaveituna í ákveðinni námsgrein á unglingastigi grunnskóla og nokkrir aðrir grunnskólar senda sína nemendur í það. Einnig getur samvinnan virkað vel þegar upp kemur sú staða í framhaldsskólum að kennslu vantar fyrir mjög fáa nemendur í ákveðnum áföngum sem ekki eru í boði í einstökum skólum. Þessar upplýsingar safnast hjá upplýsingaveitunni sem hefur milligöngu um að athuga hvort einhver skólanna hafi tök á að bjóða þennan tiltekna áfanga sem kannski 2-3 nemendur úr nokkrum skólum þurfa á að halda.

Ekki er gert ráð fyrir miklum rekstrarkostnaði við upplýsingaveituna, eitt til tvö stöðugildi, auk stofnkostnaðar vegna vélbúnaðar og hönnunar hugbúnaðar.

¹ Kannanir á vegum menntamálaráðuneytisins um fjar- og dreifnám í framhaldsskóla og á mörkum grunnskóla og framhaldsskóla sem lagðar voru fyrir í grunn- og framhaldsskólum á haustmánuðum 2006.

Fjar- og dreifnám í aðalnámskrá fyrir grunn- og framhaldsskóla

Þar sem aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla tekur ekki með fullnægjandi hætti á ýmsum atriðum er varða réttindi og skyldur nemenda er stunda fjar- og dreifnám er brýnt að fram fari endurskoðun á námskránni með tilliti til þessara atriða. Hér er einkum vísað til kafla er fjalla um námskipan, innritun og þjónustu, skólasókn, skráningu í próf, brotthvarf frá námi, reglur um námsframvindu, nám utan skóla og fullorðinsfræðslu. Sérstaklega þarf að skoða hvort og þá undir hvaða kringumstæðum heimilt sé að taka gjald af nemendum. Á sama hátt þarf að skoða aðalnámskrá fyrir grunnskóla með tilliti til fjar- og dreifnáms.

Vinnuumhverfi og starfsaðstæður kennara

Vinnuumhverfi og starfsaðstæður kennara í fjar- og dreifnámi hefur verið til umfjöllunar undanfarin ár milli hagsmunaaðila. Starfshópurinn er sammála um að mikilvægt sé að skoða þessi mál nánar, t.d. með því að stofna starfshóp hagsmunaaðila sem skoði hvort og í hvaða mæli nauðsynlegt er að setja sérstök ákvæði um fjarkennslu eða aðlaga einstök ákvæði þannig að kjarasamningur kennara nái örugglega utan um þær aðstæður sem skapast við fjarkennslu.

Starfshópurinn er sammála um að meta beri fjarkennslu á sama grunni og staðbundna kennslu þannig að framlög til fjarkennslu séu sambærileg við framlög til staðbundinnar kennslu. Rökin fyrir þessu eru þau að fjarnámsnemar eiga að fá jafnmikla og góða þjónustu og staðnemendur. Þetta felur í sér að fjarkennslueiningar verði metnar á sambærilegan hátt og aðrar einingar í reiknilíkani fyrir framhaldsskóla. Stjórnendur skóla meta í hverju tilviki hvort rétt sé og mögulegt að bjóða upp á fjarkennslu með hliðsjón af fjárhagsramma, kostnaði, þeirri þörf sem fyrir liggur og samkvæmt faglegum forsendum.

Tillögur starfshóps um fjar- og dreifnám

1. Að sett verði á fót upplýsingaveita þar sem upplýsingum á stöðluðu formi verður safnað saman um fjar- og dreifnám sem er í boði er á hverjum tíma á Íslandi og þeim komið á framfæri við þá sem áhuga hafa á að stunda fjar- og dreifnám.
2. Að grunn- og framhaldsskólum verði skylt að láta sjálfsmatskerfi skólanna ná til fjar- og dreifnáms jafnt og til dagskólanáms.
3. Að settar verði ákveðnar reglur um að grunnskólanemendur hafi jafnan aðgang að fjar- og dreifnámi í framhaldsskóla og þurfi ekki sjálfir að greiða fyrir námið.
4. Að endurskoða aðalnámskrá fyrir grunn- og framhaldsskóla með tilliti til fjar- og dreifnáms, einkum hvað varðar réttindi og skyldur nemenda. Einnig er mikilvægt að skoða hvort og þá undir hvaða kringumstæðum heimilt sé að taka gjald af nemendum.
5. Að stofnaður verði starfshópur hagsmunaaðila sem hefði það hlutverk að skoða hvort og í hvaða mæli nauðsynlegt er að setja sérstök ákvæði um fjarkennslu eða aðlaga einstök ákvæði þannig að kjarasamningur kennara nái örugglega utan um þær aðstæður sem skapast við fjarkennslu.
6. Að gert verði stóráttak í útgáfu íslenskra rafrænna kennslugagna.
7. Að efla endurmenntun og þjálfun kennara sem taka að sér kennslu í fjar- og dreifnámi, með áherslu á aukna samvinnu milli kennara úr ólíkum skólum.

Lokaorð

Fjar- og dreifnám hefur verið í boði um alllangt skeið og eftirspurn eftir því hefur verið vaxandi, sérstaklega á síðustu árum. Fjar- og dreifnám er ný námsleið í viðbót við hefðbundið dagskólanám. Hin mikla nýsköpun sem orðið hefur á þessu sviði hefur haft mikil áhrif á hefðbundna námið, sérstaklega hvað varðar kennsluaðferðir og samskipti við nemendur. Þróunin hefur verið mjög hröð á allra síðustu misserum og virðist vera sívaxandi eftirspurn eftir fjar- og dreifnámi. Margir skólar, sérstaklega framhaldsskólar, hafa brugðist við þessu og sífellt fleiri skólar bjóða nú upp á fjar- og dreifnám.

Eins og tillögur starfshópsins bera með sér er mikilvægt að setja reglur um ýmsa þætti fjar- og dreifnáms, sérstaklega þá er varða gæði námsins, aðgengi að því og vinnuumhverfi og starfsaðstæður kennara. Þó mega reglur um þessa nýju námsleið sem er að mestu leyti sjálfsprottin innan skólanna ekki hefta frumkvæði þeirra. Regluramminn sem starfshópurinn leggur til að settur verði um fjar- og dreifnám verður að veita skólunum nauðsynlegt faglegt svigrúm fyrir nýsköpun og þróun, efla fagmennsku, veita kennurum gott vinnuumhverfi og starfsaðstæður og treysta réttindi og skyldur nemenda.

Skólar	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Verzlunarskóli Íslands	Iðnskólinn í Reykjavík	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Borgarholtsskóli	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	Fjölbrautaskóli Suðurlands	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	
Námsframboð	Sömu áfangar og í dagskóla. Í boði eru allir áfangar til að ljúka: Stúdentsprófi af Félagsfræðibraut Stúdentsprófi af Náttúrufræðibraut Almennu verslunarprófi (70ein) Sjúkráliðanámi Allar almennar- rekstrar- og stjórnunargreinar til meistaranáms iðnsveina. Nemendur greiða kennslugjald eftir einingafjölda sem endurgreiðist ef lokið er a.m.k. 9 ein.	Alls 130 áfangar á ári á þremur önnum, breytilegur fjöldi eftir önnum. Stöðugt er verið að reyna að fjölga þeim einkum efri áföngum og er hægt að ljúka stúdentsprófi á þremur brautum. Marga áfanga er aðeins hægt að taka í fjarnámi t.d. efstu áföngum í tungumálum og sér áföngum heilbrigðisskólans. Hægt að bjóða grunnskólanemum að taka áfanga sem val og voru þeir 175 á haustönn 2006.	Stefnt að því að allir áfangar sem kenndir eru í dagskóla Ví verði í boði haustið 2007. 129 áfangar í boði vor 07, það er um 85% af áföngum Ví, auk margra annarra. (= Versló + fl). en verða 130. Þrjár annir á ári. Nám fyrir skólaritara er að hluta til fjarnám. Sérhæft fjarnám fyrir starmenn fyrirtækja og félagssamtaka. Fjölgun grunnskólanema. Fólk sem vill taka verslunar- eða stúdentspróf í meirihluta. Meðalaldur nálægt 30 ára.	Sömu greinar og í skólanum, fyrst og fremst byrjunaáfangar og meistaranám. Ekki samkeppni við aðra skóla um almennt fjarnám. Ekki heildstætt ennþá en verið er að vinna í að byggja þetta upp og flétta saman dagskóla og fjarnám. t.d. í rafmagni verði fjar og kvöldnám (vinnustofur) þar sem hægt er að koma því við. = nýta tæknina eins og mögulegt er og bjóða nemendum að velja sjálfum.	Allir áfangar í kjarna og kjörsviði sem eru í boði í dagskóla. Nemendur eru: a) þeir sem eru í FG sem taka fjarnám til að flyta fyrir sér eða til að bæta upp. b) þeir sem eru utan skólans (þeir eru í meirihluta s.a. 70%). U.þ.b. 80 áfangar, 700 skráningar. Sprenging varð haustið 2006 (sennilega vegna endurgreiðsluboðs á kennslugjaldi áfanga ef nemendur koma í próf). Lítið um grunnskólanem. Reyndir kennarar innan skólans. Nemendur yfirleitt frekar ungir.	Áfangar á 2 sviðum: Lista- og fjölmiðlasviði (bókasafn 18-50 ára ásamt margmiðlun 18-60 ára), Félagsliðasviði (aldurstakmark 22 ár = nám fyrir starfsfólk í grunn- og leikskólum (30-60 ára, ákveðinn markhópur í stuðningsfulltrúa og bókasafnsliðunum, aðallega konur). Markmiðin önnur í margmiðlunarhönnun sem ekki er kennd annars staðar. Nemendur sem sækja margmiðlunarnámið eru í vinnu eða búa úti á landi. Boðið upp á sérfög brautarinnar, fagbókleg og verkleg (margir hafa lokið öðru námi en ef þeir hafa ekki stúdentspróf er þeim vísað á aðra skóla).	Áfangar á 2 sviðum: Lista- og fjölmiðlasviði (bókasafn 18-60 ára), Félagsliðasviði (aldurstakmark 22 ár = nám fyrir starfsfólk í grunn- og leikskólum (30-60 ára, ákveðinn markhópur í stuðningsfulltrúa og bókasafnsliðunum, aðallega konur). Markmiðin önnur í margmiðlunarhönnun sem ekki er kennd annars staðar. Nemendur sem sækja margmiðlunarnámið eru í vinnu eða búa úti á landi. Boðið upp á sérfög brautarinnar, fagbókleg og verkleg (margir hafa lokið öðru námi en ef þeir hafa ekki stúdentspróf er þeim vísað á aðra skóla).	1) 3. + 4. ár á stúdentsbrautum = vefkennsla. Er inni í áföngum sem er verið að kenna á hefðbundinn hátt. Nemendum bætt inn í WebCt sem vinna verkefni og mæta í próf þar sem hentar. 2) Pungapróf (5 einingar) 3) Samstarf skólanna um einstöku áfanga. t.d. nokkrir nemendur í LAN. Myndfundabúnaður í stofum í 3 skólum og WebCt (líka fjarnemar bara í vefhluta). 4) Kvöldskóli á starfsnámsbrautum, skrifstofubraut og sjúkraliðabraut og nemendur eru á 5- 6 stöðum á Austurlandi (ekki bundið við skólans t.d. á Fáskrúðsfirði) einkum fullorðnar konur sem hittast þar sem er fjarfundabúnaður og vinna á netinu.	7 tölvufræðiáfangar. Nemendur úr framhaldsskólum viðs vegar um landið. Áfangarnir eru hluti af námsframboði viðtökuskólanna og í þeirra umsjá, þótt kennslan komi frá FSU.	Netagerð - margir áfangir. Nemendur eru á aldrinum 20 - 50 ára, gjarnan skipstjórnarfólk að ná sér í meiri réttindi. 2 litháskar konur sem vinna hjá Hampiðjuni þar og eru með íslenskan meistara á staðnum. Þær læra á ensku en verið er að útbúa námsefnið á ensku ásamt íslenskunni.	Nemendur geta stundað dreifnám í öllum áföngum sem í boði eru hverju sinni. Dreifnámsnemar eru inn í venjulegum dagskólahópum en stjórna því sjálfir í samráði við kennara hvort og hversu mikið þeir koma í skólann. Frá hausti 2007 verða nýnemar frá sunnanverðum Vestfjörðum í dreifnámi frá skólanum. Þeir stunda námið að jafnaði frá starfsstöð á Patreksfirði, en koma í skólann í Grundarfirði einu sinni í mánuði, nokkra daga í senn.
Markmið	Að gefa nemendum kost á námi sem ekki geta stundað það á hefðbundinn hátt og jafna þar með aðstöðu fólks til náms á framhaldsskólastigi.	Að gefa sem flestum kost á því að stunda framhaldsnám óháð stað og stund og aldri. Valkostur fyrir þá sem vilja flyta námslokum.	Að gefa fólki tækifæri til að menntunar sem ekki getur sótt hefðbundna skóla. Nemendur skólans sem falla á endurtektarprófum taka áfanga í fjarnámi.	Til að nemendur sem eru að koma inn í nám, eða vilja kynna sér upphaf náms. Meistaránámið í kvöldskóla og hefur þróast í dreifnám með vinnu, bæði fyrir þá sem eru hér á landi og erlendis.	Gott fyrir skólann að geta boðið upp á fjarnám, sérstaklega í fámennum áföngum.	Þjóna því sem ekki er þjónað annars staðar.	a) Fjölga nemendum við skólann. b) samstarf skólanna FAS-VA – ME og). Að gefa nemendum kost á námi sem ekki geta stundað það á hefðbundinn hátt og jafna þar með aðstöðu fólks til náms á framhaldsskólastigi.	Að auka framboð á tölvufræðinámi.		Að gefa fleirum en þeim sem geta sótt skóla daglega tækifæri á að stunda framhaldsskólanám.	
Kennsluhættir	Hver önn er 14 vikur og er kennsluefninu skipt upp í vikulega kennslupakka til nemenda sem innihalda kennslubréf, itarefni og fl. ásamt verkefni sem nemandinn á að vinna og skila til kennara. Verkefnið er yfirfarið af kennara sem sendir það svo til baka með leiðréttingum og athugasemdum.	Samskipti kennara og nemenda fara fram í WebCT og þar er einnig að finna námsáætlanir, verkefni, próf og fleira sem skiptir máli í náminu.	Allir áfangar í WebCT, þar á kennari samskipti við hópinn og nemendur sín á milli. Skólinn á rafrænt upptökuver þar sem kennarar útbúa námsefni, svo sem talglærur, myndupptökur og efni á rafrænni töflu. Hver áfangi er skipulagður í 10 námsþökkum með námsleiðbeiningum, verkefnum, itarefni o.fl. Verkefnaskil í öllum áföngum. Allir áfangar kenndir, svo fremi sem a.m.k. einn nemandi hefur valið hann.	Misjafnt eftir deildum. T.d. er tölvudeildin að leggja áherslu á að vinna allt, líka próf, í tölvum. Sumir vilja gera meira í fjarkennslu, grunnteikning t.d. í autocad, ekki lengur í bréfaskóla heldur bara í kennsluferfi og þannig að tæknin sé nýtt.	Að nemendur vinni meira sjálfir, fái leiðbeiningar, í gegnum kennsluferfið og tölvupóst. Ljóst að þessum nemendum þarf að sinna betur en öðrum, t.d. að kennarar hringi í nemendur eða öfugt.	Dreifnám – ekki bréfaskólaform. ¼ í staðbundnum lotum. 15-25% (meira í verklegum áföngum). Nemendur vinna u.þ.b. eitt verkefni á viku og skila í Moodle. "mæta" í 80 mínútna umræðutíma á netinu - skrifuð samskipti. Hafa prufað meiri hátækni sem ekki hefur virkað vel (þá of háðir tölvubúnaði fólks). Einnig notuð kvikmyndabrot og fyrirlestrar. Ekki tal og lifandi myndir. Meiri eftirspurn en hægt að anna.	30 nemendur í pungaprófi eingöngu gegnum netið og einn dagur staðbundinn. Einnig samstarf við grunnskóla.	Kennt í gegnum Angel, verkefni, leiðbeiningar og fyriræli lögð þar fram í ýmsu formi, gagnvirk verkefni, hljóðglærur. Forritunarhugbúnaður miðlægur og aðgengilegur fyrir nemendur. Fjarfundir notaðir að einhverju leyti.		Allt nám er verkefnamiðað og gert ráð fyrir að nemendur tileinki sér námsefnið í gegnum verkefnavinnuna.	
Samskipti	Nemendur eru hvattir til að senda kennurum fyrirspurnir um námið og annað í tölvupósti (æskilegast) eða síma.	Í WebCt – umræðuhópar oft virkir en erfitt að stofna til samvinnu þar sem hópurinn er sundurleitur. Í einsleitari hópum t.d. í Heiðbrigðisskólanum þar sem hópar eru oft einsleitari eru samskipti innan hópanna meiri. Tungumálakennarar nota símann, Skype ofl. Frá vorönn 2007 verða verkfæri notuð sem m.a. gefa kost á gagnvirkum framburðaræfingum.	Reynt að fá nemendur til að vinna saman í umræðuhópum í WebCT. Kennarar hafa samband við hópa í WebCT. Sumir kennarar hafa boðið upp á staðbundnar lotur, t.d. í stærðfræði og tölvum. Tungumálakennarar nota verkfæri notuð sem m.a. gefa kost á gagnvirkum framburðaræfingum.	Nemendur eru svolítið einir, upplifa að þeir séu ekki í hópi. Sumir kennarar vilja breyta þessu.	Samskipti fara að mestu leyti með tölvupósti og kennsluferfi. Einstaklingsmiðað nám, ekki hópur. Sumir kennarar hafa boðið upp á staðlotur. Einstöku kennarar nota síma og Skype í kennsluferfi.	Nota mikið símann til að byrja með, sérstaklega hjá þeim eldri. Gjarnan 2 og 2 saman í nálægu rými.	Kennarar (u.þ.b. helmingur núna) vilja leggja verkefni fram í gegnum WebCt.	Rafræn samskipti í gegnum Angel og tölvupóst. Einnig fjarfundabúnaður.	Tölvupóstur og sími.	Samskipti við dreifnemendur eru að mestu rafræn, í gegnum Angel, í tölvupósti og með MSN.	

Skólar	Verkenntaskólinn á Akureyri	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Verzlunarskóli Íslands	Iðnskólinn í Reykjavík	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Borgarholtsskóli	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	Fjölbrautaskóli Suðurlands	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Fjölbrautaskóli Snæfellinga	
Námskröfur	Námsefni, yfirferð, kennsla og kröfur í fjarkennslu VMA eru samræmd dagskóla.	Sömu kröfur og í öðru námi en hlutfall símats og lokaprófs oft annað en í dagskóla.	Sömu kennarar í dagskóla og fjarnámi, sömu námsbækur, sambærileg lokapróf til að tryggja sömu námskröfur. Misjafnt eftir áföngum hvað lokapróf er stór hluti af lokaeinkunn. Kennarar eru að prófa sig áfram með það.	Sambærilegt við dagskóla.	Sambærilegt við dagskóla.	Sambærilegt við dagskóla.	Eins og í staðbundnu námi.	Sambærilegar kröfur og í dagskóla.	Sambærilegar kröfur og í dagskóla.	Sambærilegar kröfur og í dagskóla.	
Hámarkseininga-fjöldi og umfang náms	Almennt má gera ráð fyrir að vinna við hvern 3ja eininga áfanga sé um 9 klst. á viku. Þetta þarf að hafa í huga þegar áfangar eru valdir í fjarnáminu.	Gert er ráð fyrir að nemendur geti tekið allt að 9 einingum á önn. Sækja þarf um undanþágu frá reglunni til fjarnámsstjóra. Þar gefst oft gott tækifæri til að leiðbeina nemendum sem eru að taka marga áfanga. 3ja eininga áfangi samsvarar u.þ.b. 9 klst. vinnu á viku.	Nemendur geta tekið eins margar einingar á önn og þeir treysta sér til. Algengast að nemendur taki 4-9 einingar á önn (meðaltal 5.6 einingar).	Þótt þetta sé sjálfstætt þá skipuleggja nemendur nám sitt sjálfir á netinu. Ef nemendur ljúka meira en 9 einingum þá fá þeir það endurgreitt.	Nei – ekkert hámark eins og er.	Mælt með 9 – 12 einingum á önn og ekki meiru með vinnu. 12 eininga hámark er of mikið allavega á 1. önn (t.d. ef tækniþekking er lág).	Ekki hámark en fólk sagt að taka ekki meira en 2-3 áfanga með vinnu Flestir sem eru að reyna meira eru komnir yfir 20 ára. Aðhald fyrir þá sem eru nemendur skólanna í staðbundnu námi einnig. Nokkur dæmi eru um nemendur sem eru að útskrifast og hafa aldrei komið í skólann. Móðurskólar ættu að sjá um fjarkennslu á sínu sviði og þjóna landsbyggðinni.			Ekkert hámark, en brýnt fyrir nemendum hversu mikla vinnu þarf að inna af hendi í hverjum áfanga (um það bil 8 klst. á viku fyrir hvern 3ja eininga áfanga).	
Kennslu-umsjónarkerfi	Nemendaskráning í INNU og kennsluumsjónarkerfi WebCT. Kennarar hafa frjálssar hendur með að nota tölvupóst vefsíður eða WebCT við kennsluna. Margir blanda þessu saman.	WebCT (allir áfangar)	WebCt í öllum áföngum.	MySchool. Hentar betur en WebCt og ýmis önnur. Næst okkur, íslenskt og gott samband við þróunaraðila, en vantar meira að nemendur geti haft samskipti sín á milli sem hópur.	MySchool. Jafnt notað í fjar og dag. Nemendur kvarta ef nemendur setja ekki inn í kerfið	Moodle, sérþróun og þýðingar en eru í umræðu við FB, líklega ekki staðlaða íslenska þýðingin sem við erum að nota hér í hópnum v. margt afar-slæmt. Vantar starfshóp til að þýða Moodle. Grunnskólar þurfa að geta notað þetta.	WebCT. Eru að spá í Moodle.	Angel	CD diskur og aukning í DVD efni. Er að spá í að nota Námskjáinn því virðist einfaldara en annað.	Angel	
Verkefnaskil	Yfirleitt gert ráð fyrir að nemendur skili verkefnum vikulega, en geta fengið lengri frest í samráði við kennara. Höfuðreglan er sú að nemendur fái yfirfarna úrlausn til baka innan sólarhrings.	Gagnvirkar æfingar og próf auk fjölbreytilegra verkefna og ritgerða. Hlutfall lokaprófs í lokaeinkunn frá 50 – 100% Mismunandi milli áfanga og einnig er reynt að hafa sveigjanleika varðandi skil þrátt fyrir ákveðna skiladaga.	Verkefnaskil í öllum áföngum og gilda verkefni sem hluti af lokaeinkunn, vægi misjafnt eftir áföngum. Verkefni af ýmsu tagi, allt frá gagnvirkum æfingum til hefðbundinna verkefna eins og í dagskólanum.	Misjafnt og er í mikilli þróun hjá kennurum og deildum	Oft samkvæmt kennslubrúfum þar sem kemur skýrt fram markmið og skilafrestur. Ekki samræmt heldur í höndum kennara. Kennarar vinna saman.	4 verkefni á einingu = 1 x viku í 3 ein áfanga (þar eru 12 vikur á önn). 4 tímar á á viku netinu bak við hverja einingu. 8 verkefni í 2ja eininga verkefni.	Fer eftir áföngum. Áhersla þó lögð á (til að reyna að hafa gæðin í öruggum farvegi) þá eru lokapróf í flestum áföngum til að hafa formlegt mat sem er erfitt að fara í gegnum með því að láta aðra vinna fyrir sig.	Vikuleg verkefnaskil í Angel		Verkefni vikunnar lögð fram í Angel í byrjun viku, yfirleitt skil í hverri viku.	
Námsmat	Lokapróf í flestum áföngum. Rétt til próftöku hafa nemendur sem hafa staðið full skil á úrlausnum (kennarar geta sett sérákvæði).	Nokkrir áfangar með 100% próf og 4 -5 eingöngu með símat.	Skriflegt lokapróf í flestum áföngum, en símatsáföngum fer fjölgandi.	Reyna að hafa sama námsmat í fjarnámi og í dagskóla. Símat, vetrareinkunn og lokapróf. Námsmatsaðferðir í sífelldri endurskoðun. Kerfið er að þróast í átt að símati. Tilhneiging að fara í gagnvirku prófin.	Yfirleitt sömu próf og dagskólanemendur. En námsmatið getur verið öðruvísi t.d. að prófið gildi annað en í dagskóla. Sumir kennarar bjóða upp á að nemendur taki 100% próf og mörgum finnst það freistandi. Lítið um gagnvirkni. Meira um skrifleg og hefðbundin próf.	Verkefnaskil og þátttaka í tímum. U.þ.b. 35% rýni og önnur markmið með staðbundnum lotum og verkefnaskilum. Leggja áherslu á virkni og þátttöku. Ekkert brottfall á félagsliðabraut (nema vegna heilsubrestra).	Allir hafa próftökurétt. En það gildir bara sem nemur þeirri %.	Verkefni og lokapróf.	Nemendur fá próf í tölvupósti og skila síðan klukkutíma síðar.	Samskonar námsmat í staðbundnu námi og dreifnámi. Mikil þróun í gangi í námsmatinu, í áttina frá lokaprófum til símats í mjög fjölbreytilegum útfærslum.	
Próftaka	Skóli í heimabyggð. Sendiráð ræðismenn skólar eða stofnanir erlendis. Prófstáðir nálægt 80 innanlands og 20 erlendis.	Í skólum, símenntunarmiðstöðvum, sendiráðum og hjá ræðismönnum Skipstjórar á togurum, fangelsi. Á haustönn 2006 var prófað á um 60 stöðum í alls 17 löndum.	Skólum og sendiráðum og ræðismönnum. Fangelsi. Fararstjórar. Skipstjóri á varðskipi. Prófað á 40 stöðum innanlands að þessu sinni.	Nemendur finna ábyrgðaraðila og stað í skólum úti á landi og erlendis eða formleg stofnun.	Yfirleitt stofnanir eða sendiráð. Send út á land eða útlanda hjá ábyrgðarmönnum sem skólinn hefur samband við. Ekki allir á sama tíma vegna erlendis, fangelsi o.fl.	Engin vandræði vegna þess að allt á netinu. Stöku sinnum próf í staðbundnum lotum.	Í skólum í heimabyggð. Helst í framhaldsskólum.	Prófin tekin í heimaskólanum.			

Skólar	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Menntaskólinn á Ísafirði	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Menntaskól-inn á Egilsstöðum	Verkmenntaskóli Austurlands	Menntaskólinn að Laugarvatni	Kvenna-skólinn í Reykjavík	Menntaskólinn við Sund	Fjöltækniskóli Íslands	Menntaskólinn við Hamrahlíð	Framhaldsskólinn á Húsavík
Námsframboð	Nemendur í 10. bekk í Hvolskóla á Hvolsvelli. Skilyrði að hafa tekið samræmt próf. Kennari á Hvolsvelli styður nemendur.	Boðið er upp á 70 áfanga í fjarnámi á vorönn 2007. Námsstími fjarkennslunnar er sá sami og hjá nemendum dagskóla.	Nýjung vor 2007. Boðið upp á dreifnám sem er blanda af staðbundnu námi og fjarnámi.	Fyrir fullorðna með vinnu: Sjúkraliðabraut, námsbraut í húsasmíði og viðskiptanam = sérgreinar viðskiptabrautar í dreifnámi. Til viðbótar var á vorönn 2007 boðið upp á fjarnám í nokkrum bóklegum áföngum. Sárafair nemendur í allt í raun í staðinn fyrir P-nemendur með meiri þjónustu.	Samvinna við VA og FAS eins og fram kemur hjá FAS. Nemendum sem vilja utanskólanám er beint í fjarnám. Nokkrir áfangar eru komnir inn í kennsluferfi og til stendur að bjóða nemendum að taka dreifnám ef þeir þurfa þar sem það er mögulegt. Þiggja kennslu í 3 áföngum og veita í 2 niður á firði. Eðlisfræði kennd til Sauðárkróks í gegnum fjarfundabúnað og WebCt.	Sjúkraliðanámið í samstafi ME og FAS. Fleiri kennarar eru að setja námið upp í kennsluferfi og nú er utanskólanemum boðið upp á að nýta kerfin. Sumir nýta sér að þurfa ekki að mæta í skólann og þetta er þróun	Nokkrir nemendur eru í norsku eða sænsku í stað dönsku og taka það í fjarnámi. Einnig eru dæmi um að nemendur taka áfanga við aðra skóla í fjarnámi til að flýta fyrir sér eða vegna þess að þeir hafa verið metnir inn í skólann (sem er bekkjarskóli) og vantar áfanga.	Einn og einn áfangi fyrir einstaka nemanda þegar sérstaklega stendur á t.d. 3 stelpur núna sem eru skiptinemar og taka íslensku.	Utanskólanemendur fá þjónustu í gegnum námsstjórnunarkerfi og eru í sambandi við kennara og kennslustjóra.	Alltaf verið að bjarga einstöku áföngum fyrir einn og einn, t.d. sem eru úti á sjó. Í deiglunni er að bjóða fjarnám í stað P áfanga og einnig í stöku áföngum.	Í öldungadeildinni er boðið upp á dreifnám þar sem nemendur koma sjaldnar í skólann og vinna meira í gegnum kennsluferfið. Í ákveðnum áföngum hefur staðbundnum kennslustundum verið fækkað og þær fluttar út á netið.	Skólaliðar, félagsliðar og stuðningsfulltrúar í grunnskólum. 30 konur sem byrjuðu í haust og taka nokkrar annir.
Markmið	Að veita þjónustu - aukamarkmið að koma á sambandi við Rangæinga.		Að veita utanskólanemendum og P-nemendum betri þjónustu.	Að veita fullorðnum tækifæri til náms. Að veita meiri þjónustu við nemendur sem eru utanskóla í einstöku áföngum en gert er ef þeir væru P-nemendur.		Að veita meiri þjónustu og vera samkeppnishæfari.		Að veita utanskólanemum meiri þjónustu. T.d. Íþróttafólki sem dvelur erlendis.		Að veita betri þjónustu og halda kennara/nemendatengslum. Og að auðvelda fólki námið.		
Kennsluhættir	Kennt í gegnum Námskjáinn og aðeins í gegnum fjarfundabúnað.	Skilyrði er að hafa aðgang að tölvu, því námið fer að mestu fram með tölvusamskiptum við kennara.		Plútó - námsstjórnunarkerfi skólans				Algjört fjarnám nema þegar um raungreinar er að ræða þá koma nemendur og gera tilraunir í skólanum.				Bæði staðbundnar lotur á Húsavík og regluleg kennsla send út jafnóðum með notkun myndfundabúnaðar.
Samskipti	Fjarfundabúnaður notaður fyrir fjarnemendur sérstaklega. Stefnt er að fjarfundi í annarri hverri viku. Önnur samskipti eru í gegnum kennsluferfi.	Nemandinn fær tölvupóstfang og getur þannig verið í samskiptum við kennara sína og umsjónarmann, sem er oft auðveldara en að ná símasambandi við viðkomandi sem þó er heimilt líka.	í gegnum Námskjáinn.	Notkun námsstjórnunarkerfisins, sími og staðbundnar lotur.	WebCt og fjarfundabúnaður	í gegnum kerfið og fjarfundabúnað.		Aðallega tölvupóstur og nemendur hafa aðgang að innri vef þar sem upplýsingar um námskeið og verkefni eru.				Tengist Kópaskeri og Raufarhöfn með myndfundabúnaði og tölvupóstur.

Skólar	Framhalds-skólinn í Vestmanna-eyjum	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Menntaskólinn á Ísafirði	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Menntaskól-inn á Egilsstöðum	Verkmennta-skóli Austurlands	Menntaskólinn að Laugarvatni	Kvenna-skólinn í Reykjavík	Menntaskólinn við Sund	Fjöltækniskóli Íslands	Menntaskólinn við Hamrahlíð	Framhaldsskólinn á Húsavík
Námskröfur	Sambærilegar kröfur og í dagskóla.	Námsefni og kröfur í fjarkennslu FNV eru þær sömu og í dagskóla.	Sambærilegar kröfur og í dagskóla.	Sambærilegar kröfur og í dagskóla.								
Hámarkseininga-fjöldi og umfang náms				Áfangar sérgreina eru í boði en ekki vitað um annað nám eða áætlanir nemenda.								
Kennslu-umsjónarkerfi			Námsskárinn	Plútó - námsstjórnunarkerfi skólans		Moodle (kennarar ánægðari með það en WebCt)		MySchool			MySchool sem kallast Námsnet. (Skiptu núna úr Angel og kennurum líst vel á. Einnig gott v. gagnaflutninga)	
Verkefnaskil	Skrifleg próf send í grunnskólann.			Kennarar eru að þróa aðferðir út frá reynslu.								
Námsmat	Sömu kröfur og í framhaldsskóla enda hafa nemendur lokið samræmdu prófi.	Í flestum áföngum lýkur náminu með prófi, sem tekið er innan almenns prófatíma skólans.										
Próftaka		Nemendur geta samið um að taka próf í heimabyggð sinni, oftast þeim grunnskóla, framhaldsskóla eða fjarnámsstöð sem næst er.						Samið við skólana sem nemendur eru í og þar er settið yfir þeim. Reynt að hafa á sama tíma og hér.	Próftaka í skólum erlendis			

Skólar	Menntaskólinn Hraðbraut	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Menntaskólinn í Kópavogi	Flensborg	Framhalds-skólinn á Laugum	Framhaldsskól- ar sem bjóða ekki upp á fjar- eða dreifnám	Grunnskólar: Tungumálaverið í Laugarlæjarskóla	Grunnskólar: Dreifmenntaverkefni í Vestur- Barðastrandasýslu
Námsframboð	Innan skólans er kennsluferfi notað til að setja fram áætlanir og hjá sumum kennurum skila nemendur verkefnum í gegnum kerfið.	Í kvöldskóla og sumarskólanum eru þó nokkrir áfangar kenndir í dreifnámi.	Fjarnám hefur verið á skrifstofubrautum, fullorðnir nemendur sem koma í staðbundnar lotur en áfangar að öðru leyti í kennsluferfi. Utanskólanemendur eru í vaxandi mæli farnir að vera fjarnemar með nokun kennsluferfis. Dæmi eru um fækkun á staðbundnum tímum með notkun kennsluferfis og samtímavinnu.	10.bekkur grunnskóla í 4 kjarnagreinum. Eru að flytja P - nám yfir í fjar- og dreifnám.	10. bekkjum gefinn kostur á að stunda dreifnám í þeim greinum sem þau hafa lokið samræmdum prófum í. Annars vegar alveg utanskólanám með verkefnavinnu og prófum. Hins vegar í samstarfi við grunnskóla þar sem nemendur eru í tímum hjá fagkennara sínum í samstarfi við fagkennara framhaldskólans. Einnig fullorðnir í dreif- eða fjarnámi. Stöku nemendur í stökum áföngum.	Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn á Akureyri, Löðnskólinn í Hafnarfirði og Framhaldsskólinn á Laugum.	Grunnskólanemendur í 9. og 10. bekk sem taka norsku og sænsku í fjarnámi. Einnig geta börn með forskot í dönsku og ensku tekið fjarnám í þeim greinum.	Frá Patreksskóla er kennd eðlisfræði í 8., 9. og 10. bekk til Tálknafjarðar og Bíldudals (ekki á Birkimel núna því þar er eðlisfræðikennari). Þessa önn er nemandi staddur í Kanada og tekur eðlisfræði með hópunum. Til stendur að bjóða upp á dönsku milli skólanna, eins og hefur verið áður. Verið er að undirbúa pakka í eðlisfræði fyrir 8. - 10. bekk sem hægt væri að bjóða hvert sem er um landið.
Markmið		Aðgangur að persónulegum samskiptum við kennara og færri staðbundnir tímar	Að auka þjónustu og koma til móts við atvinnulíf í landi.	Auð auka þjónustu og efla skilgreiningu á fjótandi skilum grunn- og framhaldsskóla	Aukin þjónusta með upplýsingatækni			Að nemendur þurfi ekki að ferðast langan veg úr skóla í heimabyggð til að fá kennslu í viðkomandi greinum.
Kennsluhættir				MySchool sem rammi. 10.-bekkjar koma nokkrum sinnum á önn og hitta kennara.			Kennsla í ferilritun og verkefnaskil. Stöðugt samand við kennara. Nemendur fá þjálfun og leiðbeiningar skv. kennslufræði ferilritunar. = allt sem gert er inni í bekk.	Kennari með bekk á einum stað og einnig á fleiri stöðum samtímis með notkun fjarfundabúnaðar og netsins. Frá Patreksfirði til Bíldudals, Tálknafjarðar og einnig mögulegt með Birkimel.
Samskipti	Tölvupóstur og MySchool			Með MySchool og tölvupóstur - nemendur fá einnig netfang	Tölvupóstur, sími og í námsstjórnunarkerfi		Öll samskipti á netinu og í síma. Vegna þess hve Skype er opið kerfi er notkun þess leyst þannig að ein tölva er notuð í hverjum skóla. Í gegnum þá tölvu geta nemendur verið í sambandi vbið kennara sinn, t.d. í Hagaskóla þar sem tölvan er undir eftirliti bókavarða.	Með fjarfundabúnaði og msn. Þegar kennslustund stendur yfir eru nemendur allir á msn, bæði sem hópur en einnig getur hver og einn verið í beinum samskiptum við kennarann. Sími eiginlega ekkert notaður.

Skólar	Menntaskólinn Hraðbraut	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Menntaskólinn í Kópavogi	Flensborg	Framhalds-skólinn á Laugum	Framhaldsskól- ar sem bjóða ekki upp á fjar- eða dreifnám	Grunnskólar: Tungumálaverið í Laugarlæjarskóla	Grunnskólar: Dreifmenntaverkefni í Vestur- Barðastrandasýslu
Námskröfur				Sambærilegar venjulega.				Sömu og venjulega
Hámarkseininga-fjöldi og umfang náms			Skipulagt eins og bekkur, ákveðinn hópur.					Eins og þörf er á hverju sinni
Kennslu- umsjónarkerfi	MySchool mikið notað	Moodle	WebCt.	MySchool	Angel (voru með WebCt)		Blackboard notað en það er ekki kerfi til að kenna á þann kennslufræðilega máta sem notað er hjá þeim en norskt kerfi til sem kennarar sjá að væri hægt að nota.	Netskólinn, netskoli.is. Íslenskt umhverfi sem byrjað var með og reynist vel til verkefnaskila og prófa.
Verkefnaskil		Í gegnum kerfið og einnig staðbundin próf						Í Netskólanum, einnig þeir sem eru á staðnum með kennara.
Námsmat				skilaverkefni og lokapróf			Prófafyrirkomulag = byggist á námsmati þar sem nemendur taka t.d. verkefni úr vinnumöppu og laga. Gera sjálfsmat (skilað munnlega í síma) eða/og vinna heimapróf, tímastýrð próf.	Öll próf í gegnum Netskólann, einnig þeir sem eru á sama stað og kennarinn.
Próftaka		Bæði staðbundið og í kerfinu.	Gegnum kerfið og einnig staðbundið, bæði í skólanum og annars staðar í gegnum netið eða staðbundið.	Staðbundin í skólanum				